

## Þjóðleikhúsið á leikferð um landið

**Til** : Þórdís Sif  
Sigurðardóttir;hallasigny@bolungarvik.is;bolungarvik@bolungarvik.is;petur@sudavik.is;sudavik@sudavik.is;baejarstjori@vesturbyggd.is;sveitastori@talknafjordur.is;gerdur@vesturbyggd.is;salbjorg@strandabyggd.is;skrifstofa@strandabyggd.is

**Frá** : tinnalind@leikhusid.is

**CC** : bjorning@mi.is

**Heiti** : Þjóðleikhúsið á leikferð um landið

**Málsnúmer** : 2016060097

**Málsaðili** : Þjóðleikhúsið

**Skráð dags** : 07.07.2017 11:15:51

**Höfundur** : tinnalind@leikhusid.is

**Viðhengi** [Bréf vegna leikferðar Þjóðleikhússins.pdf](#)[Bréf vegna leikferðar Þjóðleikhússins.pdf](#)  
[Þjóðleikhúsið-signature.gif](#)[Þjóðleikhúsið-signature.gif](#)

Heil og sæl.

Þjóðleikhúsið leggur land undir fót í haust líkt og gert var síðasta leikár og fer nú á leikferð um landið með verk sem kallast Oddur og Siggí og fjallar á einlægan hátt um samskipti, einelti og vináttu. Verkið er ætlað nemendum á miðstigi grunnskóla og verður þeim boðið á sýninguna sér að kostnaðarlausu vítt og breitt um landið. Leikhúsið óskar eftir samstarfi við sveitarfélögin á þann hátt að þau útvegi sýningarrými og gistingu fyrir leikarana tvo og tæknimann og geri þar með grunnskólabörnum í sínu sveitarfélagi kleift að njóta leiksýningarinnar. Það hefur gefist best þegar sveitarfélögin setja sig í samband við sína grunnskóla og skipulagið fer að mestu fram í heimabyggð.

Um leið og við þökkum góðar móttökur í fyrra vonumst við eftir góðu samstarfi á ný.

Frumskýnt verður í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þriðjudaginn 3. október.

Við áætlum að vera á Vestfjörðum vikuna 3.-6. október og vænlegast væri eftirfarandi plan:

Þriðjudagur 3. október - Edinborgarhúsið Ísafirði

Miðvikudagur 4. október - Edinborgarhúsið Ísafirði

Fimmtudagur 5. október - Skjaldborgarbíó Patreksfirði

Föstudagur 6. október - Félagsheimilið Hólmavík

Meðfylgjandi er bréf þjóðleikhússtjóra þar sem nánari upplýsingar er að finna.

Við hlökkum til að heyra frá ykkur!

Bestu kveðjur,

---

**Tinna Lind Gunnarsdóttir**

Verkefnastjóri/ Project Manager

Þjóðleikhúsið / National Theatre

Hverfisgata 19, 101 Reykjavík, Iceland

tinnalind@leikhusid.is www.leikhusid.is

tel: + 354 5851212 / mobil: + 354 6984628

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

The information transmitted, and attachments, may contain confidential or privileged material and is intended for the addressee only.